



Reglur um niðurgreiðslu daggjalda vegna dagvistar barna í heimahúsum.

1. Samkvæmt ákvörðun félagsmálaráðs skal greiða niður gjald vegna dagvistar barna í heimahúsum.
2. Niðurgreiðsla er háð þessum skilyrðum:
 - a) Dagmóðir hafi leyfi félagsmálaráðs til daggæslu á heimili sínu.
 - b) Foreldrar eigi lögheimili í Dalvíkurbyggð.
 - c) Barnið sé á aldrinum 9 mánaða til og með 6 ára aldurs sbr. leikskóla. Heimilt er að greiða niður daggæslu fyrir börn einstæðra foreldra og foreldra sem báðir eru í minnst 75% námi frá 6 mánaða aldri
 - d) Kvittun frá viðkomandi dagmóður þarf að berast, ekki síðar en 8. hvers mánaðar. Þó er heimilað að greiða tvo mánuði aftur í tímann frá fyrstu umsókn.
 - e) Heimilt er að greiða niður dvalarkostnað barna á aldrinum 6-9 ára (til loka þriðja bekkjar grunnskóla) í heimahúsi ef um er að ræða börn einstæðra foreldra eða að annað foreldri sé a.m.k í 75% námi (samanb. gjaldskrá leikskóla).
 - f) Félagsmálaráð getur gert undapágu frá þessum reglum ef um er að ræða niðurgreiðslur vegna au-pair starfsmanns eða vistun hjá nánnum venslamanni (svokölluð ömmuleyfi) þar sem hagsmunir barns og/fjölskyldu mæla sérstaklega með því.
3. Niðurgreiðsla skal vera mismunur á gjaldskrá leikskóla Dalvíkurbyggðar og samanburðargjaldskrá frá Dalvíkurbyggð, allt að 9 klukkustunda gæslu á dag.
(sjá meðfylgjandi töflu).



4. Greiddan fæðiskostnað samkvæmt gjaldskrá dagmæðra skal greiða niður um 50%.
5. Niðurgreiðslan fer fram 11 mánuði á ári. Aðeins er niðurgreitt 2 mánuði aftur í tímann.
6. Bjóðist foreldri pláss á leikskóla eða skólavistun, þar því að taka plássið.
(svo framarlega sem heildagspláss eru í boði í leikskólanum).
7. Umsóknir um niðurgreiðslu skal endurnýja árlega.

Reglur þessar gilda frá 1. nóvember 2006

Samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar 21. nóvember 2006.

Samþykkt í félagsmálaráði 3. nóvember 2006